



Samtakahópurinn, fundur haldinn 06.12. 2022 kl. 13.30 í

Ráðhúsi Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12

Mætt: Elín Rafnsdóttir, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Gunnhildur Gunnarsdóttir, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Silja M. Albertsdóttir, Sigrún Helga Björgvinsdóttir, Sigrún G. Magnúsdóttir, Ásdís Ragna Einarsdóttir og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. mál kynning frá Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins og Heilsulausna.

Árni Einarsson, Andrea Ýr Jónsdóttir, Stefanía Ösp Guðmundsdóttir og Guðlaug B. Guðjónsdóttir frá Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og Heilsulausnum kynntu fyrir Samtakahópnum ýmsa fræðslu með áherslu á tóbak og nikótín, auk fleiri lífshátta.

<https://www.heilsulausnir.is/>

Samtakahópurinn þakkar fyrir góða kynningu.

2. mál kynning á lýðheilsumálum í Reykjanesbæ

Ásdís Ragna Einarsdóttir verkefnisstjóri lýðheilsamála sagði frá þeim verkefnum sem hún og lýðheilsuráð hafa verið að vinna að og framundan eru.

Ásdís Ragna Einarsdóttir verkefnisstjóri lýðheilsamála er að ljúka störfum þessa dagana og vill Samtakahópurinn þakka fyrir frábært samstarf við hana. Málefni lýðheilsamála færast til nýs Menntasviðs (ÍT) þann 1. janúar nk.

3. mál Endurskinsmerki

Samtakahópurinn hvetur foreldra til að huga að notkun endurskinsmerkja fyrir sig sjálf og börnin sín nú þegar haustið er skolið á.

Verum sýnileg

- Endurskinsmerki virka eins og blikkljós þegar ljós skín á þau
- Ökumenn sjá vegfarendur með endurskin a.m.k. **5x** fyrr
- Því fyrr sem þú sést - því öruggari ertu!

Best er að staðsetja endurskin

- fremst á ermum
- hangandi meðfram hliðum
- á skóm eða buxnaskálmum
- á bakpoka eða tösku



Samgöngustofa 

7. mál – Samtökin 78

Samtakahópurinn hefur verið upplýstur um að Reykjanesbær mun á næstunni skrifa undir samning við Samtökin 78 - en mikilvægt er að fræða alla sem eru samferðafólk barna okkar. Hafnarfjörður og Garðabær hafa nýverið búið að skrifa undir samning við samtökin um margvíslega fræðslu.

Samtakahópurinn vill koma á framfæri hrósum til bæjarstjórnar fyrir að tryggja fjármagn í samninginn. **Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00**

